

Hafnarfjörður
Bæjarstjóri
Guðrún Ásta Guðmundsdóttir

Reykjavík, 11. febrúar 2013

Nú fer í hönd mikil skákveisla á Íslandi. Um miðjan febrúar kemur firnasterkt lið Kínverja sem tefla mun landskeppni við Íslendinga. Í kínverska hópnum eru ofurstórmeistarar, skákdrottningar og undrabörn. Strax að lokinni landskeppni hefst XXVIII. Alþjóðlega Reykjavíkurskákmótið í Hörpu og stendur í 11 daga. Þar verða margir bestu skákmenn heims meðal keppenda, auk íslenskra og erlendra áhugamanna. Þátttökumet verður slegið á þessu fornfræga móti, sem kalla má flaggskipið í íslensku skáklífi.

Reykjavíkurborg er stærsti bakhjarl stórmótsins í Hörpu, leggur til 3,5 milljónir króna, auk þess að standa fyrir lokahófi hátíðarinnar. Reykjavíkurmótið er hinsvegar hátíð á landsvísu enda tefla skákmenn úr fjölmörgum sveitarfélögum á mótinu, þar á meðal mikill fjöldi skákmanna úr **Hafnarfirði** enda er skákáhugi þar mikill og vaxandi.

Skáksamband Ísland sækir því um 200 þúsund króna framlag til **Hafnarfjarðar** til mótshaldsins, svo áfram megi byggja upp þessa helstu árlegu skákhátíð okkar Íslendinga.

Með skákkveðju,

Gunnar Björnsson,
forseti Skáksambands Íslands

Gunnar Björnsson
Skáksamband Íslands/Icelandic Chess Federation
Forseti/President
GSM/Mobile: + 354 820 6533
Netfang/E-mail: gunnar@skaksamband.is